

Nýir félagar

Við bjóðum nýja féлага velkomna í okkar hóp og tökum vel á móti þeim við þau tækifæri sem bjóðast í félagsheimilinu í vetur sem og á veiðisvæðum næsta sumar.

Nr. 672 Björn Grétar Sveinsson Háaleitisbraut 28 108 Reykjavík 588 0899
" 673 Pálmar Breiðfjörð Keilufelli 1 111 Reykjavík 561 4600

Laust í Grenlæk sumarið 2002

Hér að neðan gefur að líta lista yfir óseld veiðileyfi í Grenlæk, svæði 4, næsta sumar. Hægt er að nálgast óseld leyfi í Vesturröst.

20/5-22/5 4 stangir
22/5-24/5 4 stangir
20/6-23/6 4 stangir
23/6-25/6 2 stangir
3/7-5/7 4 stangir
5/7-7/7 2 stangir
7/7-9/7 4 stangir

9/7-11/7 4 stangir
21/7-23/7 4 stangir
23/7-25/7 4 stangir
3/8-5/8 4 stangir
5/8-7/8 4 stangir
7/8-9/8 4 stangir
3/9-5/9 4 stangir
5/9-7/9 2 stangir
5/10-7/10 1 stöng
7/10-9/10 2 stangir
14/10-16/10 4 stangir
16/10-18/10 4 stangir

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með
lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:
Intersport
Útiir
Veiðibúðin við Lækinn
Vesturröst

FLUGUSTANGIRNAR
FRÁBÆRU FRÁ SAGE



Serverslun fyrir fluguveiðimenn

ÁRMÓT

Þorsteinn Þorsteinsson
Flókatgata 62 - 105 Reykjavík

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Apríl 2002



Laus veiðileyfi í Grenlæk!

Á baksíðu þessa tölublaðs er birtur listi yfir laus veiðileyfi í Fitjaflóði í Grenlæk, svæðinu sem Ármenn hafa til umráða. Það er synd að sjá hversu margir góðir dagar eru lausir og vekur þetta áhugaleysi Ármanna á þessari skemmtilegu veiðislóð jafnan furðu.

Á myndinni hér að ofan sjáum við Kristbjörgu stjórnarmann með góðan afla úr Grenlæk, falletgar bleikjur og staðbundinn urriða, fiska sem gefa sig á miðju sumri þegar sjóbirtingurinn er ekki mættur til leiks.

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

<http://www.if.is/armenn>, armenn@if.is.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, rholm@lina.is.

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Opnunartímar í Árósum

Nú er formlegu vetrarstarfi í Árósum lokið og við tekur útiveran og veiðin. Við höldum þó áfram að hittast og skiptast á veiðisögum fram yfir Jónsmessu. Opnunartímar næstu mánuði verða sem hér segir:

Maí: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.

Júní: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.

Júlí og ágúst: Lokað.

Sept: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.

Hlíðarvatnshús í sparifötin

Hlíðarvatnshús Ármanna hefur tekið stakkaskiptum nú í vetrarbyrjun. Eins og allir Ármenn vita, þá var húsið okkar sauri atað í vetur og fótum troðið af óboðnum gestum. Dró Hlíðarvatnsnefnd þá ályktun að það væru ekki allir hlutir í því húsi nógu finir fyrir gesti þess. Ennfremur var það til umfjöllunar á aðalfundi Ármanna í janúarlök - sem flestir Ármenn muna eflaust eftir - að húsið væri farið að láta á sjá. Úr þessu hefur nú verið bætt á ýmsan máta.

Hlíðarvatnsnefnd hefur, með góðum stuðningi frá stjórn Ármanna og Húsnefnd, látið hendur standa fram úr ermum og breytt þessu hreysi í notalegt hreiður þar sem hægt er að láta fara vel um sig. Hér er stutt upp-
taling á því helsta sem gert hefur verið:

- Fyrst af öllu: Nýtt postulínssæti er komið á sinn stað.
- Húsið hefur verið þrifið hátt og lágt - það er nú hreinna en það var nýsmíðað!
- Gólfíð lakkað.
- Málning endurnýjuð á ýmsum gluggum og tilheyrandi.
- Allar dýnur endurnýjaðar, sem og sófasettið - nú geta a.m.k. 11 manns sofíð þarna vært.
- Gluggatjöld endurnýjuð.

- Nokkrir lykilhlutir hafa verið færðir til - þetta mun breyta lífi Hlíðarvatnshússíbúa til hins betra.
- Stiginn upp á loft er í endurnýjun - verður klár einhvern tímann í maí.
- Sitthvað fleira sem ætti að stuðla að unaðslegri dvöl Ármanna við Hlíðarvatn.
- Fljótlega verður komið þarna kologrill, þannig að ekki þarf að drösla því með sér, bara taka með kol og slíkt.
- Og svo munum við öll eftir því að skilja við húsið eins og við viljum koma að því!


Þetta virðist þegar hafa gert stormandi lukku ef marka má viðbrögð náttúrunnar sjálftrar - þegar nefndin var að ljúka þessum verkum um kvöldmatarleytið 29. apríl, þá var henni fagnað m.a. með himbrimasöng og haförn heiðraði hana með hringsóli á himni - við lítum fögnuð annarra fugla í grenndinni.

En að lokum vill nefndin taka fram: Í hreinsun á næsta ári verður boðið upp á óvæntan glaðning fyrir þá sem taka þátt í henni - í þeirri von að þátttakan verði betri en í ár, samtals mættu á 2 dögum 10 manns, þar af voru 5 nefndar- og stjórnarlímir.

Heiðar Rafn Harðarson

Þeir fiska sem róa - gömul sannindi og ný -

Veiði Ármanna í Hlíðarvatni



Það getur verið gaman að glugga í veiðitölur og má lesa ýmislegt út úr súluritinu hér að ofan. Til að mynda eru sveiflurnar á milli ára harla ótrúlegar. Takið eftir því hvernig júlí sveiflast frá 1998 til 2001 og sömuleiðis maímánuður. Hvernig ætli sé hægt að skýra þetta? Mér sýnist langlíklegast að skýringin sé fölgín í sókn veiðimanna. Það hefur lengi loðað við Ármenn að þeir vilji allra helst veiða í Hlíðarvatni í júní. Á síðustu árum hefur maí síðan orðið þónokkuð vinsæll og sömuleiðis júlí. Og þá kemur einfaldlega í ljós að þeir fiska sem róa!

Sömuleiðis hefur september komið nokkuð sterkur inn síðustu tvö árin, en menn sögðu einfaldlega „sveiattan“ væru þeim boðnir septemberdagar fyrir fáeinum árum. September þótti hins vegar albesti mánuðurinn í gamla daga þegar hrygningartorfurnar komu eins og svartir

flekkir að landi og með þeim gráðugur geldfiskurinn.

Þessar upplýsingar um veiði félagsmanna í Hlíðarvatni eru teknar saman af Halldóri Sigurðssyni sem sæti á í Hlíðarvatnsnefnd Ármanna. Hann hefur einnig reiknað út meðalveiði hvers mánaðar yfir sumarmánuðina út frá sóknardögum og þær tölur kunna að koma nokkuð spáskt fyrir sjónir. Það kemur nefnilega í ljós að meðaldagsveiði er best í júlí eða 15 fiskar á dag. Júní er næst bestur með 14,64 fiskar á dag, þá kemur ágúst með 12,47 fiskar, því næst maí með 11,8 fiskar og loks september með 5,5 fiskar á dag.

Góða skemmtun í sumar!

Ragnar Hólm Ragnarsson # 511

svo komist að því síðan að það er nánast regla að leggi búð upp laupana sem selt hefur hnýtinaefni mætir Egill á svæðið og kaupir upp lagerinn.

Það var svo Egill sem teymdi mig í Árósa og kynnti mig fyrir þessum göfuga félagskap. Hann hjálpaði mér líka að komast upp á lag með að hnýta og dró mig með sér í veiðiferðir, jafnvel útfyrir borgarmörkin. Ég held að ég hafi aldrei þakkað honum fyrir að koma mér í klúbbinn og ætla að gera það hér með. Þakka þér kærlega fyrir Egill. Meðal Ármanna fannst mér eins og ég væri kominn heim. Hér hittir ég menn sem höfðu jafn gaman og jafnvel meira gaman en ég af því að fara í veiðiferðir, ég segi fara í veiðiferðir en ekki veiða því eins og þið vitið virðir Árnaður íþrótt umfram aflamagn, sem er viðhorf sem hentar mér og mínum aflabrogðum alveg þrýðilega.

Síðan hafa nú nokkur sumur runnið til sjávar og veiðferðum sumarsins fjölgar jafnt og þétt, þó að aflamagnið virðist einhverra hluta vegna hafa tilhneigingu til að haldast óbreytt.

Ég hef svo sem lent í ýmsu á þessum ferðum mínum, sett hraðamet á bumbubát upp Flóðið undan ofsaroki, brotið nokkrar

stangir, oftast óvart, tvíbókað mig í veiðitúra, krækt flugum í hina ýmsu líkamsparta, fengið mér sundsprett í Elliðaánum, eimitt þegar konan ætlaði að sýna ömmu blessaðri hvernig strákurinn bæri sig að við veiðarnar, mætt í veiði degi of seint, stundað sjóböð í Húnaflóa, farið áttavíllt, bókað mig í veiði á afmælisdegi konunnar og svo mætti lengi telja. En það sem uppúr stendur í minningunni er þó tvennt sem ég verð ævinlega þakklátur fyrir að hafa fengið að njóta, þessi tilfinning að standa einn við á eða vatn, njóta kyrrðarinnar og náttúrunnar og gleyma öllu öðru en augnablikinu sem er að líða og svo hitt, sem er allt það góða fólk sem ég hef fengið að njóta samvista við í veiðiferðunum.

Nú er að hefjast nýtt veiðitímabil með öllum sínum vonum og væntingum og ég ætla að reyna að fylgja þeirri ágætu reglu að fara oft og veiða lítið. Ég fer að minnsta kosti létt með seinni hlutann.

Þessi orð mín hér verða nú ekki öllu fleiri en að endingu vil ég þakka fjölskyldunni minni kærlega fyrir alla þolinmæðina á liðnum árum og óska ykkur öllum gleðilegs veiðisumars.

Hjálmar Theodórsson



Veidihornið Hafnarstræti kappkostar að bjóða fluguhnýturum landsins mesta úrval af fluguhnýtingaefni á góðu verði. Komið í heimsókn og sannfærast. Alltaf heitt á könnunni.

Munið vildarklúbb Veidihornsins - afsláttur og góð tilboð. Veidihornið Hafnarstræti - opið alla daga vikunnar. Sími 551 6760.

Stjórnkerfi Ármanna árið 2002

Hér að neðan eru til hægðarauka fyrir félagsmenn birtar upplýsingar um stjórn Ármanna og nefndir sem starfa á vegum félagsins.

Formaður:

Jóhanna Benediktsdóttir
H: 557 7043 / 823 8543
jhaukur@centrum.is

Varaformaður:

Ragnar Hólm Ragnarsson
H: 553 2353 / 695 1000
ragnarh@akureyri.is

Gjaldkeri:

Kristbjörg Sigurfinnsdóttir
H: 567 1817 / 863 7304
eikie@islandia.is

Ritari:

Örn Svavarsson
H: 562 1429 / V: 533 3232
orn@heilisa.is

Vefstjóri:

Ásgeir Ásgeirsson
H: 567 5450 / 899 8189
lanki@isl.is

Ritstjóri:

Ragnar Hólm Ragnarsson
rholm@lina.is

Meðstjórnendur:

Heiðar Rafn Harðarson
H: 561 1474 / 892 1574
heidarrafn@simnet.is

Ásgeir Ásgeirsson
lanki@isl.is

Spjaldskrárritari:

Hjálmar Theodórsson
hjalmar@skyrr.is
G: 898 2849

Húsnefnd:

Hjálmar Theodórsson formaður, Hjálmar Sæbergsson, Einar H. Sigurðsson, Egill Örn Árnason og Gísli J. Helgason og Ásbjörn Jónsson.

Fræðslunefnd:

Þorsteinn G. Gunnarsson formaður, Kolbeinn Grímsson, Hilmar Finnsson, Stefán Hjaltested, Þorsteinn Þorsteinsson, Dagur Jónsson, Heiðar Rafn Harðarson og Ragnar Hólm Ragnarsson.

Hliðarvatsnefnd:

Halldór Sigurðsson formaður, Heiðar Rafn Harðarson, Ásgeir Ásgeirsson og Kristján S. Þórðarson.

Grenlækjarnefnd:

Svend Richter formaður, Bragi Guðbrandsen, Kolbeinn Grímsson og Stefán Hjaltested.

Veidiöflunarnefnd:

Daníel Jakob Pálsson, Hilmar Finnsson og Guðmundur Haukur Jónsson.

- 1. maí 2002



SÉRVERSLUN FYRIR VEIÐIMENN

VESTURRÖST

Laugavegi 178, 105 Reykjavík, Símar 551 6770 og 581 4455
Fax 581 3751

Ræða á vorfagnaði Ármanna 2002

Kæru Ármenn og aðrir gestir.

Þegar að því kom nú á vordögum að þröngva þurfti einhverjum Ármanninum til að koma á vorfagnaðinn og segja nokkur vel valin orð, kom upp sú hugmynd að ég sem er formaður húsnefndarinnar og yfirþröngvari sæi bara um þetta sjálfur. Þar sem það hefur löngum þótt góður siður að taka sjálfur sama meðal og maður ætlað öðrum að taka sá ég mér ekki fært með góðu móti að skorast undan og þess vegna stend ég nú hér.

Ég er að hugsa um að segja ykkur undan og ofan af ferli mínum sem veiðimaður þó stuttur sé og í sjálfu sér nauðaðmerkilegur.

Ég fór alveg á mis við veiðigyðjuna í æsku, það var ekkert veitt á mínu heimili og það var ekki fyrr en ég var kominn á fertugsaldur að ég fór í fyrsta veiðitúrinn.

Þá háttaði svo til að ég starfaði hjá fyrirtæki sem seldi meðal annars veiðivörur og mér fannst ótækt að geta ekki talað af einhverri reynslu við viðskiptavinina um veiði og aflabrögð. Því var það að við Alli vinur minn sem var álíka vel að sér og ég í veiðifræðunum ákváðum að fara og renna fyrir fisk. Útbúnaðurinn í þessari fyrstu veiðiferð var ekki flókinn. Tvær 12 feta kaststangir sverar og miklar, stór og öflugasthjóll í stíl, sökku í ýmsum þyngdum, flotholt af öllum stærðum og gerðum, önglapakkar og 30 punda girni því okkur hafði verið ráðlagt að hafa það bara nógu helvíti svört svo hann væri nú ekki að slíta hjá okkur helvískur... Agnið var heldur ekki af verri endanum, krukka af skærbleiku beitukitti frá Berkeley með ómótstæðilegu fiskibragði og lykt, sem okkur félögum þótti ólíkt geðslegra í meðförum en slímugu ánamaðkarnir sem aðrir ráðgjafar okkar sóru og sárt við lögðu að væru það eina sem vit væri í. Með þennan búnað í fanginu stormuðum við félagarnir kampakátir sem leið lá upp að Reynisvatni til að kaupa kvóta og komast þannig í flokk kvótagreifanna. Okkur hafði verið sagt að í Reynisvatni hefðist við regnbogasilungur sem væri þeirrar náttúru að varla þyrfti að hafa fyrir því að kasta agninu út í, svo gráðugur

væri hann og vissara að leggja græjurnar frá sér í hvarfi við vatnið svo hann kæmi ekki uppúr að bita á. Fljótlega kom nú í ljós að einhverjum ofsögum hafði farið af græðgi Regnbogans, við urðum ekki varir þrátt fyrir langar stöður á vatnsbakkanum; það hafði heldur enginn bent okkur á að það rigndi stundum í veiðiferðum og þegar einhverjir ósvífnir smástákar fóru svo að slíta upp fisk allt í kringum okkur var okkur nóg boðið, við héldum heim á leið með öngulinn í rassinum og gerðum á bakaleiðinni óspart grín að vöðlubúnum fluguveiðimönnum sem við höfðum séð leika listir sínar í og við vatnið, klyfjaða af flugukössum og háfum með veiðihatta og í vestum með torkennileg verkfæri upp úr öllum vösum. Ég álpaðist illu heilli til að minnast á þessa græjuðu spjátrunga við konuna mína í hæðnislegum tón þegar heim var komið, eins og hún hefur itrekað minnt mig á síðan, þegar ég hef sjálfur staðið í fullum herklæðum, klár í slaginn og meira að segja með hatt.

Það liðu nokkrir dagar án þess að hvaflaði að okkur að reyna aftur, en smátt og smátt læddist sú hugsun að okkur félögum að það mætti nú ef til vill standa öðruvísi að veiðiskapnum og innbyrða kvótann góða með einhverjum ráðum. Það var svo í þriðju ferðinni frekar en þeirri annarri að undrið gerðist. Einhver treggáfaður regnbogasilungur slysaðist til að gleypa bleika kittið og krókinn með. Þvílík tilfinning! Þarna stóð ég með laxasleggjuna og spilið og halaði inn ugga og sporðlítinn regnbogaræfil, það var varla að stöngin svignaði og fiskurinn barðist álíka og göttottur Hagkaupspoki, en þvílík tilfinning, eftir þetta varð ekki aftur snúið. Ekki leið á löngu þar til kvótinn kláraðist og þá var keyptur annar og svo sá þriðji og fjórði og regnbogalufsumnar dregnar á land hver á fætur annarri. Reyktur regnbogasilungur var æ oftast á borðum hjá fólkskyldunni og jafnvel svo að konu minni þótti nóg um.

Ekki fór nú hjá því að maður renndi auga til flugukarlanna græjuvæddu annað veiðið og því var ekki að leyna að þeir virtust skemmta

sér mun betur við veiðiskapinn en við félagarnir. Þeir undu sér greinilega best í vatni upp í handakrika, sveifluðu stöngunum ótt og títt og háðu baráttu upp á líf og dauða við hvern einasta fisk eða þannig... Þetta hlaut að vera gaman, og það leið ekki á löngu áður en ég stóð innan um ruslið á bökkum Reynisvatns með flugustöng, í vöðlum og gott ef ég var ekki kominn í vesti líka.

Nú fóru í hönd erfiðir tímar. Það var hreint ekki eins auðvelt og það leit út fyrir að vera að fá þessa fjadans flugulínu til að sveiflast beint fram og aftur, á einhvern dulhrullan hátt hnýttist hún endalaust í rembi-hnúta, flugurnar höfðu sérstakt lag á að krækjast í allt sem fyrir varð, annað en fiskana. Það var auðvitað fráleitt að brjóta odd af oflæti sínu og fara á byrjandanámskeið, oft lá við uppgjöf en af einhverri þrjósku þráaðist ég nú við og þegar fram liðu stundir smá skánaði þetta nú allt saman og á endanum tókst mér að landa fiski á flugu. Ekki versnaði það! Ef það var sæla að fá fisk á kittið þá

var þetta 7. himinn, Nirvana og allt erfið gleymt og ekkert nema hrein og ómenguð sælutilfinningin í sálinni.

Að veiða á flugu það var lífið.

Það var um þetta leyti að veiðihattur sem ég þóttist sjá að flyti út á miðju vatninu kom vaðandi að landi og reyndist vera maður undir hattinum og hann ekki af styttri gerðinni. Þarna var þá kominn æskuvinur minn og félagi úr Kópavoginum, Egill Örn Árnason, eða Árnaður númer 566 eins og hann kys nú helst að kalla sig. Við tókum tal saman og fljótt kom í ljós að þarna var á ferð helsjúkur veiðimaður sem bókstaflega lifði fyrir veiðina og það lá í augum uppi að ráðunauturinn og kennarinn sem mig hafði vantað var fundinn. Ég fór fljótlega að venja komur mínar í Kópavoginn til Egils og þar gat nú heldur betur að líta! Ég hef komið í þónokkrar veiðibúðir en fáar ef nokkrar þeirra geta státað af öðru eins úrvali og magni af hnýtingarefnum og búnaði eins og blasti við þegar inn var komið hjá kappanum. Ég hef



Menn með hatta við Flóðið: Grétar Skúlason, Kolbeinn Grímsson og Egill Örn Árnason